

Samþykktir

fyrir Starfsþróunarsetur háskólamanna

1. grein

Heiti

Starfsþróunarsetur háskólamanna (STH) er starfrækt á grundvelli kjarasamninga fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar annars vegar og aðildarfélaga Bandalags háskólamanna (BHM) hins vegar.

2. grein

Stefna og hlutverk

Markmið Starfsþróunarsetur háskólamanna er að stuðla að framgangi háskólamenntaðs starfsfólks og framþróun stofnana með markvissri starfsþróun. Setrið hvetur stofnanir til að styðja starfsfólk til að auka og nýta þekkingu sína í starfi, bæta við og/eða endurnýja menntun sína og veita því tækifæri til að þróa faglega hæfni og viðhalda þannig verðgildi sínu á vinnumarkaði. Jafnframt hefur setrið að markmiði að styðja stofnanir til markvissrar framþróunar mannaúts.

Starfsþróunarsetur háskólamanna sinnir hlutverki sínu meðal annars með:

- virkri öflun og miðlun upplýsinga til háskólamanna, ríkisstofnana og fræðsluaðila,
- styrkveitingum til starfsfólks, stofnana og samningsaðila, sbr. 4. gr.,
- stuðningi og fræðslu til stofnana um t.d. skipulag og framsetningu starfsþróunaráætlana.

3. grein

Aðild

Félagsmenn aðildarfélaga BHM sem ekki hafa samið um aðild að Starfsþróunarsetrinu í kjarasamningi sbr. í 1. gr. geta myndað aðild að setrinu enda séu greidd iðgjöld vegna þeirra á sama grunni og starfsmanna ríkis og sveitarfélaga.

4. grein

Réttindi til styrkumsókna

Rétt til að sækja um styrki til setursins hafa hlutaðeigandi félagsmenn, stofnanir og samningsaðilar.

5. grein

Fjármál og tekjur

Tekjur Starfsþróunarsetur háskólamanna eru:

- Mánaðarlegt iðgjald launagreiðanda skv. ákvæðum í kjarasamningum aðila.
- Vaxtatekjur
- Sjálfsaflafé

Starfsþróunarsetri háskólamanna er heimilt að afla tekna með sölu námsefnis eða námskeiða samkvæmt ákvörðun stjórnar.

Fjármuni Starfsþróunarseturs háskólamanna skal ávaxta á þann hátt sem stjórn telur öruggan á hverjum tíma.

6. grein

Skipan, hlutverk og starfshættir stjórnar

Stjórn Starfsþróunarseturs háskólamanna er skipuð 6 fulltrúum: Tveimur fulltrúum fjármála- og efnahagsráðherra, einum sameiginlegum fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg og þremur frá aðildarfélögum BHM, auk fjögurra varafulltrúa. Stjórn skiptir með sér verkum og ákveður með hvaða hætti formennska í stjórn skiptist á milli fulltrúa launagreiðenda annars vegar og fulltrúa launafólks hins vegar.

Hlutverk stjórnar Starfsþróunarsetur háskólamanna er að móta og þróa starfsemi sjóðsins í samræmi við markmið hans. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum sjóðsins. Stjórnin setur sér starfsreglur. Stjórn skal funda reglulega, halda gerðarbók og rita í hana samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnin skal árlega gera skýrslu um störf sín og senda hana til stofnaðila sbr. 1. grein. Reikningsár Starfsþróunarseturs háskólamanna er almanaksárið. Uppsetning ársreiknings og endurskoðun skal gerð af löggiltum endurskoðanda. Ársreikning skal senda til stofnaðila.

7. grein

Framkvæmdastjóri og aðsetur

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra Starfsþróunarseturs háskólamanna. Hann stýrir daglegu starfi og sér um framkvæmd ákvarðana stjórnar. Framkvæmdastjóra er heimilt að ráða annað starfsfólk í samráði við stjórn. Aðsetur Starfsþróunarseturs háskólamanna er í höfuðstöðvum BHM nema stjórn ákveði annað.

8. grein

Samstarf við aðra aðila

Starfsþróunarsetur háskólamanna getur átt samstarf við aðra aðila og gert við þá samninga til lengri eða skemmri tíma til að vinna að markmiðum og verkefnum sjóðsins.

9. grein
Breytingar á samþykktum sjóðsins

Samþykktum sjóðsins verður aðeins breytt með samþykki aðila samkvæmt 1. gr.

10. grein
Slit sjóðsins

Starfsemi Starfspróunarseturs háskólamanna verður einungis slitið með ákvörðun aðila samkvæmt 1. gr. Verði starfsemi sjóðsins lögð niður skal eignum ráðstafað í samræmi við markmið hans.

Reykjavík 18. mars 2021

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra

F.h. Bandalags háskólamanna

F.h. Reykjavíkurborgar

F. h. Sambands íslenskra sveitarfélaga